Vinastund 1

Góður vinur



Umræður:

- Ræða um hvað góðir vinir gera. Börnin sitja í hring, steinn eða hlutur látinn ganga. Sá sem heldur á steininum á orðið.
- Markmið stundarinnar er að útbúa sáttmála um samskiptareglur.

Leikur:

Tónlistastólar

Þetta er hinn hefbundni stóladans með smá breytingu. Í stað þess að einhver verði úr þá eiga börnin að vinna saman og koma sér fyrir á stólunum t.d með því að
sitja ofaná hvort öðru.

Verkefni:

Vinafáni

1. Efnisbútur eða blað (nógu stórt til þess að hver og einn nemandi geti skrifað nafnið sitt eða teiknað á litla mynd)
2. Góðir pennar eða tússlitir í mörgum litum.
3. Prik ef að þið ætlið að útbúa fána, einnig hægt að hengja upp á vegg.

Aðferð:

- Útbúið fánann með börnunum, skrifið á hann samskiptareglurnar sem börnin eru sammála um að hafa á fánanum.
- Hvert barn skrifar svo nafnið sitt eða teiknar litla mynd af sér á fánann (gangið úr skugga um það að hvert barn teikni eða skrifi á fánann til að minna á sig.
- Hengið fánann upp og hafið hann vel sýnilegan fyrir börnin.
- Einnig er hægt að semja vísu eða lag um alla vinina í hópnum

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og börnunum kynnt fyrir kveðjustundinni og fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa. Gott er að hafa mynd upp á vegg.